

Yfirkjörstjórn Norðausturkjördæmis tilkynnir:

Framboðsfrestur til alþingiskosninga 27. apríl 2013 rennur út 12. apríl 2013, kl. 12:00 á hádegi.

Yfirkjörstjórn Norðausturkjördæmis tekur á móti framboðslistum föstudaginn 12. apríl 2013, kl. 09:00-12:00 í Múlabergi, Hótel KEA á Akureyri.

Á framboðslistum skulu vera nöfn 20 frambjóðenda, hvorki fleiri né færri. Tilgreina skal skýrlega nafn frambjóðanda, kennitölu hans, stöðu eða starfsheiti og heimili. Listanum skal fylgja skrifleg yfirlýsing allra frambjóðenda um að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann.

Þá skal fylgja skrifleg yfirlýsing um stuðning við listann og fyrir hvaða stjórnmalasamtök listinn er borinn fram frá kjósendum í Norðausturkjördæmi. Fjöldi meðmælenda skal vera að lágmarki 300 en 400 að hámarki. Við nöfn meðmælenda skal greina kennitölu og heimili.

Loks skal fylgja framboðslista skrifleg tilkynning frá frambjóðendum listans, hverjir tveir menn séu umboðsmenn listans í kjördæminu.

Yfirkjörstjórn mælist til þess að öllum listum verði einnig skilað á rafrænu formi.

Framboðslistar verða úrskurðaðir á fundi yfirkjörstjórnar sem haldinn verður í bæjarstjórnarsal Ráðhússins á Akureyri, að Geislagötu 9, laugardaginn 13. apríl kl. 16:00.

Til að flýta fyrir yfirferð og vinnslu, er þess farið á leit að framboðslistar og meðmælendalistar verði sendir með rafrænum hætti á excelskjali til oddvita yfirkjörstjórnar um leið og unnt er í netfangið: pallh@vma.is, sími 892-6350.

Meðan kosning fer fram, laugardaginn 27. apríl 2013, verður aðsetur yfirkjörstjórnar Norðausturkjördæmis í Verkmenntaskólanum á Akureyri en talning atkvæða fer fram í sal Brekkuskóla við Skólástíg á Akureyri að loknum kjörfundi.

Yfirkjörstjórn Norðausturkjördæmis
26. mars 2013

Páll Hlöðvesson
Inga Þöll Þórgnýsdóttir
Gestur Jónsson
Helga Arnheiður Erlingsdóttir
Ólafur Rúnar Ólafsson